



Nám í framhaldsskóla fyrir nemendur unglingastigs

Í Aðalnámskrá grunnskóla (kafla 15.2) segir:

„Nemendum er heimilt að stunda nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi að loknu grunnskólanámi í viðkomandi greinum. Grunnskólanemendum er einnig heimilt að stunda slíkt nám samhliða grunnskólanámi enda hafi þeir sýnt til þess fullnægjandi hæfni. Í þeim tilvikum þarf traust samstarf að ríkja milli grunn- og framhaldsskóla“ (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013).

Í 32. grein grunnskólalaganna (91/2008) segir jafnframt orðrétt:

„Skólastjóri metur hvort nemandi hafi lokið grunnskólanámi og ber ábyrgð á útskrift hans úr grunnskóla. Heimilt er að útskrifa nemanda úr grunnskóla áður en tíu ára skyldunámi er lokið, enda uppfylli nemandi námskröfur grunnskóla í samræmi við lokamarkmið aðalnámskrár“

Nemendum í grunnskólum Þingeyjarsveitar sem lokið hafa hæfniviðmiðum grunnskólans í ákveðinni námsgrein/-um stendur til boða að taka framhaldsskólaáfanga í námsgreininni við Framhaldsskólann á Laugum. Nemandinn sinnir náminu á skólatíma og kennari viðkomandi námsgreina/-r í grunnskólanum er tengiliður hans við kennara framhaldsskólans. Nemendur þurfa jafnframt að sinna námi sínu utan skólatíma. Forsendur þess að nemanda standi slíkt til boða eru að hann hafi lokið hæfniviðmiðum grunnskólans í viðkomandi námsgrein/um með góðum eða mjög góðum árangri og að forráðamenn hans óski eftir því að hann fái að sitja viðkomandi framhaldsskólaáfanga.

Útskrift áður en 10 ára skyldunámi er lokið

Forráðamenn barns geta óskað eftir því við skólastjóra grunnskóla að barn þeirra sé útskrifað úr grunnskóla áður en 10 ára skyldunámi er lokið, telji foreldrar að barns sitt hafi forsendur til að innritast í framhaldsskóla. Skólastjóri ráðfærir sig við umsjónarkennara nemanda og skólapijónustu Þingeyjarsveitar áður en hann tekur ákvörðun í málinu. Skólastjóri metur hvenær nemandi hefur lokið grunnskólanámi og ber ábyrgð á útskrift hans úr grunnskóla. Nemanda ber að ljúka öllu skyldunámi samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla með góðum eða mjög góðum árangri áður en hann útskrifast þaðan.

Framhaldsskólar setja inntökuskilyrði um slíkt að jafnaði við skólaeinkunnina B að lágmarki í þeirri námsgrein sem sótt er um. Þetta þýðir að nemandi sem er í 10. bekk og langar að taka t.d. ensku í framhaldsskóla samhliða grunnskólanáminu þarf að hafa lokið öllum hæfniviðmiðum grunnskólans í faginu meðan hann var í 9. bekk og með að lágmarki einkunnina B. Viðkomandi nemandi útskrifast úr grunnskóla með þá einkunn sem hann fékk þegar hann lauk náminu þar.

Viðmið og verklag:

- Forráðamenn sækja um til skólastjóra að barn þeirra útskrifist fyrr en hefðbundið námsfyrirkomulag gerir ráð fyrir á sértöku eyðublaði sem má nálgast [hér](#). Ef nemandi ætlar að útskrifast í lok 9. bekkjar þarf að skipuleggja nám hans þannig að hann nái að ljúka þeim hæfniviðmiðum sem liggja fyrir á unglingastigi á tveimur árum í staðinn fyrir þremur. Ákjósanlegast er að sú ákvörðun sé tekin þegar nemandinn er í 8. bekk svo hægt sé að skipuleggja námið með það fyrir augum. Hvert tilvik er þó skoðað fyrir sig og ekki útilokað að nemandi í 9. bekk uppfylli skilyrði til að útskrifast fyrr en þá þarf umsókn að liggja fyrir eigi síðar en í upphafi skólaárs 9. bekkjar.
- Nemandi uppfyllir viðmið með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár með góðum eða mjög góðum árangri (að lágmarki einkunnina B).
- Nemandi stenst eftirfarandi námsgreinar með góðum eða mjög góðum árangri (að lágmarki með einkunnina B): íslensku, stærðfræði, ensku, dönsku, náttúrufræði og samfélagsfræði.
- Nemandi sýnir sjálfstæði í vinnubrögðum og hefur góða hæfni í að axla ábyrgð á eigin námi.
- Ástundun nemanda og frammistaða í kennslustundum er til fyrirmyndar.
- Skólasálfræðingur leggur fyrir nemandann námsfærnimat og skólastjóri hefur niðurstöður þess til hliðsjónar við ákvarðanatöku.
- Nemanda stendur til boða viðtal við skólasálfræðing þar sem metinn er félagsproski hans, óski forráðamenn þess. Skólastjóri getur einnig gert það að forsendu útskriftar að slíkt viðtal fari fram. Einnig er horft til umsagnar umsjónarkennara um félagslega hæfni nemandans.
- Nemandi fer í viðtal við náms- og starfsráðgjafa og fær ráðgjöf varðandi nám í framhaldsskólum.
- Skólastjóri tekur ákvörðun m.a. byggða á áliti skólapjónustu og umsjónarkennara. Nemandinn þarf að uppfylla skilyrði sem liggja til grundvallar útskrift og vera vel í stakk búinn til að takast á við nám í framhaldsskóla.

Ákveði skólastjóri að synja forráðamönnum um útskrift úr grunnskóla áður en 10 ára skyldunámi er lokið geta foreldrar kært þá synjun til mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem úrskurðar í málinu.

Framlenging grunnskólanáms um eitt ár

Foreldrar geta óskað eftir því að barn þeirra verði einu ári lengur í grunnskóla, telji þeir að barn sitt hafi ekki forsendur og burði til að takast á við nám í framhaldsskóla. Slíka ákvörðun þarf að taka að vel ígrunduðu máli með hliðsjón af greiningum barns og rökstuðningi þar sem skýrt kemur fram að sú ákvörðun sé tekin með samþykki/óskum barns og með hagsmuni þess að leiðarljósi. Skólastjóri ráðfærir sig við umsjónarkennara nemanda og skólaþjónustu Þingeyjarsveitar áður en hann tekur ákvörðun í málinu.

Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla 2013: Almennur hluti/2013.

Lög um grunnskóla nr. 32/2008.